



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

11. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps var haldinn mánudaginn 15. janúar 2024 kl. 19.15 í íþróttahúsi Hrunamanna.

Mættir til fundar, Sigfríð Lárusdóttir formaður, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir aðalmaður, Heimir Sigurðsson aðalmaður, Gunnar Gunnarsson verkefnisstjóri Heilsueflandi samfélags og Arna Þöll Sigmundsdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja.

1. Skoðað fyrirhugaða aðstöðu fyrir tækjasal og aðstöðu fyrir sjúkraþjálfara og farið yfir þau tæki sem til eru í tækjasal og hvað sé hægt að nota áfram. Nefndin leggur eftirfarandi til:
 - Finna teikniforrit til að hægt sé að áætla hvernig plássið nýtist best. Heimir fer í málið.
 - Upphitunartæki væru í fremra rými og myndu vísa út að leiksvæði skólans ca. 1,2 m - 2 m frá gluggum.
 - Gangrými beint frá anddyri og að áætluðu svæði undir sjúkraþjálfunarrými
 - Æfingartæki verði við vegg í fremra rými
 - Rými innst verði með mottum og lyftingastöngum, lóðum og boltum.
 - Rýmið sem nú er undir tækjasal verði nýtt sem æfingarými fyrir eiginþyngdaræfingar, teygjur og æfingar með teygjum. Þá væri hægt að nýta hluta þess rými sem skrifstofuaðstöðu eða fundaraðstöðu fyrir ungmennafélagið og þær deildir sem starfa undir ungmennafélaginu. Þannig myndi plássið á neðri hæðinni nýtast betur undir tæki og rými sem áætlað er undir mottur, lóð og hnébeygjurekka væri rýmra.
 - Rými fyrir sjúkraþjálfunaraðstöðu og aðrar meðferðir t.d. nuddara eða kiropraktor verði útbúin úr rými við neyðar útgang og herbergi verði útbúið við hurð inn í innra rými. Þá verða til tvö meðferðarrými. Athuga að gluggar verða að vera á þessum rýmum. Einnig þarf að vera vaskur í þessum rýmum.
 - Hægt er að skipta núverandi eldhúsi í tvö rými þannig að innra rýmið yrði ræstikompa og fremra rýmið yrði kaffiaðstaða fyrir starfsfólk. Þá er hægt að taka hornherbergið inní æfingaaðstöðu niður og stækka rýmið.
 - Skoða að hafa lyftuna annars staðar en hún er á núverandi teikningum, tekur mjög mikið pláss ef hún kemur inn í tækjasal. Gæti verið í rýminu þar sem sjónvarpið er niðri og myndi þá lenda á pallinum efst í tröppunum, þar að segja ef lyftan þarf að komast niður á 1. Hæð.

- Skoða í upphafi möguleika á lyftingabúri sem gæti staðið á miðju gólfi með æfinga tækjum á öllum hliðum. (Bekkpessu, hnébeygju og fleira)
- Tæki úr tækjasal sem við metum að megi fara
 - i. Kálfapressa sitjandi
 - ii. Brjóstpressa sitjandi
 - iii. Stóra tryssutækið en þá þyrfti að kaupa nýtt sambærilegt tæki, áætlað verð fyrir svipað tæki eru um 5 miljónir
 - iv. Tvíhöðfabekkur sitjandi

Fundi slitið kl 20.15